

Stefna um starfskjör starfsmanna sem framkvæma lánsþæfis- og greiðslumat

fyrir Framtíðina lánasjóð hf.

1. Tilgangur

Eftirfarandi er stefna um starfskjör starfsmanna sem framkvæma lánsþæfis- og greiðslumat fyrir Framtíðina lánasjóð hf. sem samin hefur verið í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í 6. gr. laga 118/2016 um um fasteignalán til neytenda.

2. Góðir viðskiptahættir

Starfsmenn skulu í öllum störfum sínum sem snúa að lánsþæfis- og greiðslumati fyrir Framtíðina lánasjóð hf. starfa af heiðarleika, sanngirni og gagnsæi með fagmennsku að leiðarljósi og hafa réttindi og hagsmuni neytenda í huga.

Starfsmenn skulu byggja lánsþæfis- og greiðslumat á upplýsingum um aðstæður neytanda og tekið skal tillit til óska sem neytandi kemur sérstaklega á framfæri. Jafnframt skal byggt á eðlilegum forsendum varðandi hugsanlegar breytingar á aðstæðum neytanda á lánstímanum.

3. Kjör starfsmanna sem framkvæma lánsþæfis- og greiðslumat

Starfskjör starfsmanna sem framkvæma lánsþæfis- og greiðslumat í tengslum við lánveitingar Framtíðarinnar lánasjóðs hf. skulu ávallt vera í samræmi við þessa starfskjarastefnu.

Starfskjör starfsmanna sem framkvæma lánsþæfis- og greiðslumat skulu vera samkeppnishæf við kjör í sambærilegum störfum á fjármálamarkaði en þó ekki leiðandi.

Starfskjör starfsmanna sem falla undir þessa stefnu skulu aldrei vera háð fjölda eða hlutfalli samþykktra lánsúmsókna.

Reykjavík, 31. janúar 2017





